

Atvinnuveganefnd Alþingis
Alþingishúsinu
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2034
komudagur 4.5.2012

4. maí 2012

Á fundi bæjarráðs Ölfuss þann 4. maí var tekin til umsagnar tillaga til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, 727 mál.
Eftirfarandi bókun varðandi erindið var samþykkt samhljóða.

"Bæjarráð tekur undir bókun SASS frá fundi hinn 13. apríl s.l. þar sem lýst er yfir miklum vonbrigðum með þá stefnu sem ríkisstjórn hefur tekið varðandi þingsályktunartillögu um breytingar á rammaáætlun en samkvæmt henni verður gengið á svig við niðurstöður þeirrar vönduðu þverfaglegu vinnu sem unnin var á vegum verkefnisstjórnar rammaáætlunar. Bæjarráð beinir því til atvinnuveganefndar Alþingis að farið verði að tillögum verkefnisstjórnar um þá virkjunarkosti sem fara eigi í nýtingarflokk. Það á ekki síst við um virkjanir í neðri hluta Þjórsár sem koma hvað best út af mögulegum virkjunarkostum bæði hvað varðar umhverfisáhrif og þjóðhagslega hagkvæmni og því brýnt að heimila Landsvirkjun að ljúka undirbúningsvinnu til að geta hafið framkvæmdir. Fyrir Sunnlendinga er um mikilvægar framkvæmdir að ræða sem varða nauðsynlega uppbyggingu og eflingu atvinnulífs á Suðurlandi.

Þá ítrekar bæjarráð fyrri afstöðu sveitarfélagsins þar sem gerð var athugasemd við flokkun nokkurra virkjunarkosta þ.e. Innstidalur, Þverárdalur og Ölfusdalur verði settar í verndarflokk í stað biðflokks. Þá telur bæjarráð að ekki liggi fyrir nægar rannsóknir og upplýsingar sem réttlæti flokkun Meitilsins í orkunýtingarflokk og ætti þar af leiðandi að vera í biðflokki".

Þetta tilkynnist hér með.

Með bestu kveðjum
f.h. bæjarráðs Ölfuss.

Guðni Pétursson
bæjarritari
Sveitarfélagsins Ölfuss
sími 480-3800 bréfasími 480-3801
audni@olfus.is
www.olfus.is